

Byggðasafn Árnesinga

Ársskýrsla 2017



Efnisyfirlit	2
Formáli	3
Opnunartími og gestafjöldi 2017	3
Starfsfólk	4
Húsakynni	5
Viðgerðir og viðhald	5
Skráningarkerfi, aðföng og gefendur	6
Aðstaða til varðveislu	7
Rannsóknir	7
Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2017	8
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	13
Rjómabúið á Baugsstöðum	15
Samstarf	16
Fundir, námskeið og ráðstefnur	17
Kynningar- og markaðsmál	17
Kirkjubær	18
Héraðsnefnd og stjórn	18
Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2017 og eigið fé	19



www.husid.com



Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af starfsmönnum safnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðan sýnir Lindy-hopp dans fyrir framan Húsið 13. ágúst 2017.

Formáli

Starfsemi Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var með hefðbundnum hætti árið 2017. Við söfnin var unnið að verkefnum samkvæmt stofnskrám og öðrum samþykktum - að söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun. Þau voru opin á auglýstum tímum og eftir samkomulagi allt árið.



Hjá safninu fer fram öflugt innra starf. Við safnið fer fram stöðug söfnun á munum með varðveislugildi. Er það í samræmi við hlutverk safnsins samkvæmt stofnskrá en þar segir: „Hlutverk Byggðasafns Árnesinga er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.“ Safnað er eftir söfnunarstefnu. Skráð er í gagnagrunninn Sarp sem sýnilegur er á www.sarpur.is. Við safnið fer

jafnframt fram forvarsla, rannsóknir, ráðgjöf, upplýsingagjöf, umsýsla í geymslum, undirbúningur og gerð sýninga, frágangur sýninga og útlán. Safnið miðlaði á sýningar á Suðurlandi og finna má gripi frá safninu á ýmsum stöðum á sýningum á vegum sveitarfélaga, samtaka og einstaklinga.

Fjórar sérsýningar voru settar upp á árinu. Söfnin á Eyrarbakka voru þátttakendur í bæja- og menningarhátíðum. Beitningaskúrinn var opin eftir þörfum. *Kjöllinn* nefndist sumarsýning safnsins og var sýningunni fylgt rækilega eftir með mörgum viðburðum. Sýning var jafnframt um páska og jólasýning sett upp í desember. Kirkjubær var opin um leið og Húsið og Beitningaskúrinn eftir eftirspurn.

Opnunartími og gestafjöldi 2017

Opið var á söfnunum á Eyrarbakka alla daga frá 1. maí til 30. september kl. 11-18. Einnig var safnið opið um páskana, á Vori í Árborg og tvær helgar í desember. Jafnframt var opnað fyrir skólum og hópum á öðrum tímum. Almennur aðgangseyrir var kr. 1000.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2017 varð 5.300, þar af 1.930 erlendir gestir og 265 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2016 varð 5.220, þar af 1.767 erlendir gestir og 316 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2015 varð 4.904, þar af 1.824 erlendir gestir og 138 í skólahópum.

Fjöldi gesta í söfnin árið 2014 varð 4.381, þar af 1.680 erlendir gestir og u.þ.b. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2013 varð 4.693, þar af 1.636 erlendir gestir og upb. 130 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2012 varð 4.297, þar af 1.057 erlendir og upb. 100 í skólahópum.

Fjöldi gesta í Húsið árið 2011 varð 3.721, þar af 651 erlendir og 360 í skólahópum.

Fjöldi gesta hefur aukist um 43% frá árinu 2011 og er aukningin fyrst og fremst í fjölda erlendra gesta, þeim hefur fjölgað um tæplega 200% árlega á síðustu sex árum.

Mælitæki við skráningu gesta er nákvæm og áræðanleg taling starfsmanna. Mælingar sýna að um 80% af gestum Hússins koma jafnframt í Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.

Markaðsmál voru ofarlega á baugi stjórnar Byggðasafns Árnesinga og starfsorku safnstjóra varið til markaðsstarfs á árinu. Ýmsar leiðir eru farnar til að vekja athygli á safninu, það auglýsir víða og er þátttakandi í samfélagsmiðlum. Safnstjóri sótti Mannamót markaðsstofanna í janúar og var safnið þar með kynningarbás. Safnstjóri sótti einnig ferðamálastefnu Ícelandair í febrúar.

Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka skrifuðu 106 í gestabók. Margir komu sem ekki skrifuðu í gestabókina. Á árinu 2016 skrifaði 141 sig í gestabókina, 2015 skrifuðu 171 í gestabókina. Árið 2014 skrifuðu 190 gestir í gestabók. Árið 2013 skrifuðu 154 nafn sitt í gestabókina og 2012 skrifuðu 103. Gestir koma í margvíslegum erindagjörðum.

Starfsfólk

Lýður Pálsson, sagnfræðingur BA, MA í hagnýtri menningarmiðlun, *safnstjóri* í 100% stöðu. Starfsvið safnstjóra er viðtækt: Hann starfar eftir starfslýsingu safnstjóra, ber ábyrgð á rekstri safnsins og fjárreiðum, er talsmaður safnsins, skipuleggur starfsemina og ber ábyrgð á ráðningu annars starfsfólks. Hann sinnir skráningu, uppsetningu sýninga, leiðsögn fyrir hópa og grípur í gæslustörf þegar þörf er á. Ber einnig ábyrgð á að viðhaldi húsakynna sé sinnt og sinnir málefnum Rjómabúsins á Baugsstöðum. Gerður var nýr ráðningarsamningur við safnstjóra sem gildir til 2022.



Linda Ásdísardóttir íslenskfræðingur BA og MA í safnafræði, *safnvörður* í 100% stöðu frá 2008. Hennar verkefni felast fyrst og fremst í skráningu og margvíslegri umsýslu safnmuna, uppsetningu sýninga, sömuleiðis leiðsögn og gæslu.

Jensína Jensdóttir starfaði við gæslu og leiðsögn í Húsinu yfir sumartímann.

Moira Dís Bichard framhaldsskólanemi vann yfir sumarið við gæslu.

Andri Erlingsson ensku- og sagnfræðinemi starfaði við gæslu, aðallega í Sjóminjasafninu en einnig í Húsinu. Hann sá einnig um að halda Rjómabúinu á Baugsstöðum opnu um helgar í júlí og ágúst.

Enskuneminn Amila Crac var við gæslu í Húsinu og Sjóminjasafninu um sumarið.

Kristinn Valberg Lýðsson framhaldsskólanemi tók að sér gæslu í Sjóminjasafninu nokkra daga í júlí.

Hjónin Ásmundur Þórir Ólafsson og Súsanna Torfadóttir er ræstitæknar safnanna. Þau sáu einnig um umhirðu Kirkjubæjargarðs.

Guðjón Guðmundsson rafvirki er einnig á launaskrá vegna öryggismála.

Húsakynni

Ellefu hús tengjast starfsemi Byggðasafns Árnesinga að hluta eða öll leyti.

Þjónustuhús með skrifstofu og aðalgeymslum safnanna er að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka.



Kirkjubær lengst til vinstri en Húsið ásamt útbyggingum fyrir miðju. Ljósmynd Hlökkver Þorsteinsson.

Húsið og Assistentahúsið hýsa grunnsýningu Byggðasafns Árnesinga. Þar eru einnig Eggjaskúrinn og útihúsin.

Kirkjubær, lítið timburhús vestan Hússins á Eyrarbakka, var keypt af safninu 2011, gert upp og opnað til sýningar 2016.

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka samkvæmt þjónustusamningi en viðhald húseigna Sjóminjasafnsins er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar. Hús Sjóminjasafnsins eru sýningahús að Túngötu 59, Mundakotskemma við Þykkvufliöt 2 sem er geymsla og Beitningaskúrinn við Óðinshús.

Umsjón muna Þuríðarbrúðar á Stokkseyri heyrir undir Byggðasafn Árnesinga en viðhald og umhirða lóðar er í höndum Sveitarfélagsins Árborgar.

Byggðasafn Árnesinga er 33% aðili að rekstri Rjómbúsins á Baugsstöðum.

Viðgerðir og viðhald

Árið 2012 hófst Þjóðminjasafn Íslands handa um viðgerðir á útihúsunum fyrir norðan Húsið. Útihúsin voru byggð á tímabilinu 1910 til 1919 og ljóst er að fjósið og fjárhúsið voru byggð á tímum dönsku kaupmannanna. Fjósið var byggt í gömlum herragarðsstíl og hið elsta á landinu með steypum flórum. Menningarsögulegt gildi þess er því ótvírætt. Á árinu 2014 var Hjallurinn gerður upp. En árið 2015 var miðhúsið eða fjárhúsið gert upp. Á árinu 2016 var unnið að viðgerðum á fjósinu sem er austast útihúsanna. Skipt var um þakefni og austurveggur endursteyptur í sömu stærð og áður var. Á árinu 2017 var gengið frá bárujárni á göflum og steinsteyptir veggir að utan og innan þússaðir. Settar voru upp nýjar útidyrhurðir á fjósið. Var viðgerðum ekki lokið í árslok. Gert er ráð fyrir að Byggðasafn Árnesinga verði með víðeigandi safnmuni þar til sýnis í framtíðinni. Húsasmíðameistarinn Jón Karl Ragnarsson vann að endurgerð fjósins. Einnig kom múrarmeistarinn Pröstur Eggertsson að verki. Guðmundur Lúter Hafsteinsson deildarstjóri húsasafns hjá Þjóðminjasafni Íslands stýrði framkvæmdum en Þjóðminjasafnið kostaði þær.



Skráningarkerfi, aðföng og gefendur

Við Byggðasafn Árnesinga fer fram virk söfnun samkvæmt söfnunarstefnu.

Allir safngripir og allar ljósmyndir Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka eru skráðir í Sarp sem er miðlægur gagnagrunnur rekinn af Rekstrarfélagi Sarps og flest minjasöfn landsins standa að. Allir með nettengda tölvu geta þannig skoðað aðfangaskrá Byggðasafns Árnesinga sem og annarra safna á landinu. Undanfarin ár hefur gríðarlegt starf farið í að endurbæta skráninguna og ljósmynda gripir fyrir Sarp.

Gripir frá Byggðasafni Árnesinga eru á sýningum á 17 stöðum á Suðurlandi. Er það liður í miðlun safnsins. Safnið lánaði á árinu nokkra gripir í Skyrgerðina í Hveragerði og forláta gamalt borð í Laugardalshelli í Bláskógabyggð.

Ný aðföng eru skráð í sérstaka handskrifaða aðfangabók. Á grundvelli hennar eru gripir síðar skráðir í Sarp og þeir



auðkenndir með safnmarki. Við þá skráningu eru helstu upplýsingar um gripinn tíundaðar, eins og útlit, saga, mál, efniviður, gerandi, gefandi, notandi og fleira.

Skráð voru 17 afhendingar við söfnin á árinu 2017, einkum munir og örfáar ljósmyndir. Óskum um viðtöku ljósmynda er vísað á Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Drjúgur tími á árinu fór í að endurbæta skráningu og fór talsverður tími safnstjóra á árinu í það að yfirfara kerfisbundið skráninguna og gengur sú vinna vel, en er seinunnin. Jafnframt var áttak í forvörslu safnmuna og naut safnið styrks frá Safnaráði.

Í árslok 2017 voru flest aðföng síðustu ára skráð. Óskráðir eru munir frá Litlu-Háeyri á Eyrarbakka sem komu á safnið 2011 og aðföng 2017.

Fjöldi færslna í Sarpi hjá Byggðasafni Árnesinga var sem hér segir í árslok 2017:

Munir: 7.041, nýskráðir voru 73 munir. Ljósmyndir voru 6.576 og var engin ljósmynd nýskráð á árinu. Fornleifar skráðar í Sarp: 915.

Meðal muna sem bárust á árinu 2017 voru gömul leikföng frá leikskólanum Brimver á Eyrarbakka, ýmsir merkir gripir úr dánarbúi Eiríks Guðmundssonar í Hátúni á Eyrarbakka, munir frá Kaupfélagi Árnesinga og brennimark Kristgeirs Jónssonar sem bóndi var víða í sýslunni.

Gefendur 2017 voru Brimver leikskóli á Eyrarbakka, Inga Lára Baldvinsdóttir, afkomendur Eiríks heitins Guðmundssonar í Hátúni á Eyrarbakka, Davíð Kristjánsson frá Skógsnesi, Hjalti Sigurðsson rafvirki, Karítas Kvaran, Rannveig Pálsdóttir, Sigurður P. Sigurjónsson, Guðný Guðmundsdóttir frá Tungu, Ingi Gunnar Jóhannsson, Kristín Bragadóttir, Jón G. Kristinsson, Alda Hermannsdóttir, Sigríður Sverrisdóttir, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Árborg og Sólrún Jóhannsdóttir.

Aðstaða til varðveislu

Safnmunir eru varðveittir í öllum byggingum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Varðveisluskilyrði eru misjöfn. Í þjónustuhúsi Byggðasafns Árnesinga er góð aðstaða til varðveislu safnmuna en viðunandi viðast annarsstaðar. Mundakotsskemma liður fyrir skort á viðhaldi og er aðgerða þörf. Í þjónustuhúsinu, Eggjaskúrnum og Sjóminjasafninu eru öryggiskerfi beintengd vaktþjónustu og til viðbótar vatnsúðunarkerfi í Húsinu og Assistentahúsinu.

Eins og áður segir hefur frá árinu 2012 verið unnið að fyrirbyggjandi forvörslu í húsakynnum safnsins. Gengið hefur verið frá safnmunum í öskjum og sýrufír pappír hafður utan um. Allt er það gert til að tryggja varðveislu til framtíðar. Safnið hefur notið styrkja frá Safnasjóði til verksins.

Síðla ársins 2016 skilaði Byggðasafn Árnesinga gátlista Safnaráðs um varðveisluaðstæður á sýningum og geymslum Byggðasafns Árnesinga. Skilað var fjórum gátlistum, fyrir Hafnarbrú 3, Mundakotsskemmu, Húsið og Sjóminjasafnið. Matsskýrsla Safnaráðs á ástandi sýninga og geymslna Byggðasafns Árnesinga barst í mars 2017. Um er að ræða viðamikla úttekt sem sýnir að staða mála er í mörgum atriðum ágæt en þó er úrbóta þörf sums staðar. Farið var strax í að bregðast við skýrslunni og hefja úrbætur þar sem kostnaður var lítill. Rekstraráætlanir fyrir næstu ár taka tillit til skýrslunnar. Og fimm ára frestur var gefinn til að leysa úr málum Mundakotsskemmu sem dæmd var ófullnægjandi að öllu leyti.

Í kjölfar skýrslunnar og í ljósi þess að Sveitarfélagið Ölfus hefur beðið Byggðasafn Árnesinga að taka við gripum byggðasafns síns var safnstjóra á vorkundi Héraðsnefndar falið að gera þarfagreiningu fyrir nýju húsnæði. Verkfræðistofunni Eflu var falið að gera kostnaðaráætlun fyrir 400 fm húsi sunnan við Hafnarbrú 3 og hljóðaði áætlunin upp á 70 milljónir króna. Safnstjóra var í kjölfar haustfundar héraðsnefndar falið að leita tilboða í 225 fm stækkun á Hafnarbrú 3. Er leitun tilboða ekki lokið í árslok.

Brunaæfirlit Árnæssýslu var svo á ferð í desember og lagði til smávægilegar breytingar á skipulagi Hafnarbrúar 3 og var tekið tillit til athugasemda eftirlitsins strax ef þær kostuðu ekki fé.

Rannsóknir

Hluti af starfsemi er öflun viðbótarupplýsinga um safngripi og ljósmyndir – og reyndar almennt um sögu og menningu alls héraðsins og úrvinnsla og vistun á þessum upplýsingum. Jafnframt hefur verið lögð mikil rækt við sögu Hússins á Eyrarbakka.

Rannsóknir á sögu Hússins á Eyrarbakka er hluti af rannsóknum Byggðasafns Árnesinga. Ritið Húsið á Eyrarbakka sem kom út í júní 2014 er afrakstur rannsókna Lýðs Pálssonar undanfarna tvo áratugi. Enn er að safnast í þann sarp.

Saga Kirkjubæjar hefur verið rannsökuð á árinu 2012. Afrakstur þess rannsóknarstarfs var í glæsilegum sýningatexta í Kirkjubæ þar sem fjallað var um sögu hússins og eigendur og íbúar listaðir upp.



Skráðir eru þjóðhættir og varðveitt gögn sem varpa ljósi á siði, venjur og lífshætti í Árnessýslu. Sumar þeirra, t.d. jarðskjálftasögur Sunnlendinga frá árinu 2008 hafa verið skráðar í Sarp. Verkefnið flokkast undir samtímasöfnun þar sem safnað var upplifun og reynslu fólks af sínum samtíma.

Rannsóknir fara fram í tengslum við flestar sýningar safnsins.

Aðrar rannsóknir eru m.a. gerðar á sögu safnanna og einstaka sinnum af einskærum áhuga og af frumkvæði starfsmanna og má gjarnan finna afrakstur þessi í miðlunarefni safnsins hvort sem það er í sýningatextum eða mæltu máli til gesta. Miðlun til safngesta í sýningum, í ávarpi og á vefsíðunni www.husid.com er afrakstur rannsóknastarfs Byggðasafns Árnesinga. Starfsmenn safnsins taka á móti mörgum tugum hópa á hverju ári og miðla í hvert sinn fróðleik um Húsið og safnmunina til fróðleiksfúsra gesta. Sú miðlun væri ekki möguleg nema fyrir afrakstur rannsókna.

Safnstjóri tekur þátt í vinnuhópi um Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka sem stýrt er af landslagsarkitektum hjá Landform á Selfossi. Þekking starfsmanna Byggðasafns Árnesinga á búsetulandslagi og sögu Eyrarbakka er mikil.

Byggðasafn Árnesinga var samstarfaðili að verkefni Ágústu Edwald Maxwell fornleifafræðings að uppgreiftri á Vesturbúðarhól á



Eyrarbakka. Það stóðu verslunarhús Eyrarbakka verslunar sem í lok 19. aldar nefndist Lefolii-verslun á Eyrarbakka. Þar var sagan. Þar versluðu sunnlendingar öldum saman hjá dönskum kaupmönnum en oftast voru verslunarstjórnarnir íslenskir. Safnið útvegaði Ágústu heimildir um Vesturbúðina og gaf loforð um skrifstofuaðstöðu. Á því þurfti ekki að halda þegar í fornleifauppgreiftinn var komið í september. Niðurstöður eru óbirtar.

Linda Ásdísardóttir sat í stýrihóp Norsam, netverk samtímasöfnunar og -rannsókna á Norðurlöndum árið 2017. Hópurinn hittist í Umeá í nóvember og ræddi framtíð sína. Unnið hefur verið við samtímasöfnun við Byggðasafn Árnesinga allt frá árinu 1999 og hefur safnið verið mjög virkt á þessu vettvangi undanfarin ár, ásamt öðru safnafólki frá Íslandi, bæði með sýningarhaldi og þátttöku í stórum samstarfsverkefnum.

Ótalin eru fræðastörf sem faglegir starfsmenn sinna í krafti menntunar sinnar. Lýður Pálsson hefur stundað leiðsagnir fyrir áhugasama hópa um Flóann og Linda Ásdísardóttir hefur skrifað fræðigreinar í sýningarskrár ljósmyndasýninga, ljósmyndabókagagnýni í fjölmiðla og greinar í rit safnamanna Kvist.

Sýningar, viðburðir og önnur miðlun 2017

Miðlun á vegum Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka á sér stað í gegnum grunnsýningar safnanna í Húsinu á Eyrarbakka og í sýningahúsi að Túngötu 59. Ákveðnu rými í báðum söfnunum er ætlað til sérsýninga og skal hér greint frá þeim og sömuleiðis helstu viðburðum sem í boði voru á söfnunum.

Þorrasýning. Á þorra var boðið upp á sýningu um þorran fyrir elstu deildir leikskóla og yngstu bekkji grunnskóla.

Páskasýning í Húsinu. Byggðasafn Árnesinga í Húsinu á Eyrarbakka var opið um páskana. Laugardaginn 8. apríl kl. 13 opnaði Inga Hlöövers myndlistarmaður sýningu í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Á sýningunni gaf að líta myndir af fuglum og efni tengt Eyrarbakka.

Inga Hlöövers fæddist í Reykjavík og stundaði nám í Myndlistaskóla Reykjavíkur, Myndlista- og handiðaskóla

Íslands og Academie voor Beeldende Kunst í Rotterdam, Hollandi. Á árunum 1987 til 2003 bjó hún í Hollandi og Frakklandi, tók þátt í samsýningum og hélt einkasýningar á verkum sínum á meginlandi Evrópu, í Bretlandi og á Íslandi. Um miðjan 10. áratuginn þróuðust málverk Ingu í átt að abstraktverkum af íslensku landslagi en síðan hafa þau orðið figúratívri og myndefnið breyst. Inga býr og vinnur nú á Eyrarbakka.

Vinnusmiðja var í Kirkjubæ á sumardaginn fyrsta í tilefni af Vori í Árborg. Sýning Ingu Hlöövers var einnig opin á Vori í Árborg.



Á því herrans ári. Mánudaginn 1. maí 2017 opnaði ný sýning í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Hún nefndist *Á því herrans ári*. Á sýningunni er varpað ljósi á myntsafn Helga Ívarssonar frá Hólum í Stokkseyrarhreppi (1929-2009) en hann var myntsafnari mikill og arfleiddi Héraðsskjalasafn Árnesinga að myntsafni sínu að sér gengnum. Er myntsafn Helga fágætt að gæðum. Til sýnis voru ýmsar myntir og ljósi varpað á söguna þegar myntin var slegin.

Á því herrans ári var samstarfsverkefni Héraðsskjalasafns Árnesinga og Byggðasafns Árnesinga. Sýningin stóð til 28. maí.

Sumaropnun. Sumartími gekk í garð hjá söfnunum á Eyrarbakka, Húsinu og Sjóminjasafninu 1. maí og var opið til 30. september. Þar var opið alla daga kl. 11-18 og eftir samkomulagi á öðrum tímum. Hið stórmerka 252 ára gamla hús var sem fyrr aðal aðdráttaraflíð og í Sjóminjasafninu hinn einstaki gripur áráskipið Farsæll stærstur safnmuna. Kirkjubær var opinn á sama tíma. Rjómabúið á Bausstöðum var opið um helgar í júlí og ágúst og eftir samkomulagi.

Íslenski safnadagurinn. Í tilefni af Íslenska safnadeginum fimmtudaginn 18. maí bauð safnið gestum uppá hádegisleiðsögn. Síðdegis var Beitningaskúrinn opinn þar sem sýnd voru handbrögðin við beitingu. Hádegisleiðsögnin var í Húsinu í umsjón Þorsteins Tryggva Mátssonar héraðsskjalavarðar á sýninguna *Á því herrans ári* og hófst kl. 12.00. Aðgangur var ókeypis á leiðsögn. Um fimm leitið beittu Björn Ingi Bjarnason og Siggeir Ingólfsson í bala í Beitningaskúrnum að viðstöddum fjölda áhorfenda.

Bakkabrúin. Í gangi er samstarf við Bakkastofu sem hjónin Ásta Krístrún Ragnarsdóttir og Valgeir Guðjónsson reka á Eyrarbakka. Þau taka á mótí hópum, segja sögur og flytja tónlist og koma svo með hópana í Húsið á Eyrarbakka og Eyrarbakkakirkju. Ásta Krístrún er afkomandi hjónanna Sýlviu og Guðmundar Thorgrímsen sem voru húsráðendur í Húsinu

1847-1886. Safnstjóri las yfir handrit Ástu Krístrúnar að bókinni *Það sem býr í þögninni* þar sem greint er frá formæðrum Ástu Krístrúnar. Húsið á Eyrarbakka kemur þar oft við sögu. Bókin kom út fyrir jólin og verður til sölu í Húsinu á Eyrarbakka á meðan birgðir endast. Safnið útvegaði nokkrar myndir í bókina.

Fjölmarginar móttökur hópa. Stór hluti gesta safnsins kemur í skipplögðum hópum og taka fastir starfsmenn safnsins gjarnan á móti hópunum, bjóða þá velkomna og fræða um sögu Hússins á Eyrarbakka og um þá fjölmörgu safnmuni sem þar er að finna. Leiðsögn þessi hefur verið fastur liður í móttöku gesta frá árinu 1995 og sjálfsögd þjónusta.

Sumarsýningin *Kjöllinn* opnaði í borðstofu Hússins á Eyrarbakka annan í hvítasunnu mánudaginn 5. júní. Á sýningunni mátti sjá litrika kjóla úr safneign í samspili við kjóla frá safngestum og var öllum frjálst og velkomnið að lána kjöllinn sinn á sýninguna. Kjöllinn mátti vera gamall eða nýr. Úr safneign voru sýndir ólíkir kjólar en í forgrunni voru kjólar Helgu Guðjónsdóttur og Guðfinnu Hannesdóttur sem voru báðar fæddar snemma á 20. öld þegar nútímalegur lífsstíll var að hefja innreið sína. Einnig voru kjólar frá Krístrúnu Matthíasdóttur á Fossi í Hrunamannahreppi.

Linda Ásdísardóttir safnvörður bar hitann og þungan af þessari vel heppnaðri sýningu. Safnið naut styrkja frá Safnasjóði til að gera sýninguna og frá Uppbyggingasjóði Suðurlands til að halda veglega viðburði í kringum sýninguna. Fjölmarginir lánuðu kjóla og aðstoðuðu á allan hátt.



Við opnunina fluttu tvær fróðar konur Hildur Hákonardóttir, listamaður með meiru og Margrét Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur létt hugarflug fyrir okkur aftur í tímann þegar kjöllinn þótti ógn við þjóðlegan klæðaburð. En sú var tíðin að eldri kynslóðin fann veruleg að því þegar „glysið“ við útlendan búning lokkaði ungar konur.

Fjölmarginir hópar komu á safnið í þeim sérstaka tilgangi að skoða kjólana. Jafnframt voru ýmsir viðburðir í kringum sýninguna. Stofnuð var Facebook síða og Instagram síða um sýninguna.

Kjólakaffi með Aubý. Á Jónsmessumorgni 24. júní bauð Byggðasafn Árnesinga gestum í kjólakaffi með Auðbjörgu Guðmundsdóttur fyrrum húsfreyju Hússins. Gestir þurftu að

mæta í kjólum eða kjölfötum (jafnvel jakkafötum) og þáðu svo dísæta mola og frúarkaffi úr finustu bollum. Frítt var inn á kjólakaffið sem hófst kl. 10 að morgni og stóð til kl. 11.30. Kjólakaffi með Aubý var hluti af sumardagskrá safnsins í tengslum við kjólasýninguna.

Kjólakaffi með Önnu í Túni. Á sunnudag 13. ágúst bauð Byggðasafn Árnesinga gestum í kjólakaffi með Önnu Jónsdóttur í Húsinu á Eyrarbakka. Í garðinum dönsuðu Lindyhop dansarar svo að pilsin sveifluðust þennan eftirmiðdag. Gestir þurftu að mæta í kjólum eða kjölfötum (jafnvel jakkafötum) og kaffi sötrað úr finustu bollum. Anna sem er stofnandi Konubókastofu er



mikil kjólakona og sagði frá einhverjum kjólum. Frítt var inn á kjólakaffið sem hófst kl. 16.00 og stóð til kl. 17.30. Kjólakaffi með Önnu var hluti af sumardagskrá safnsins í tengslum við kjólasýninguna.

Kjólarnir kveðja. Þegar sumarsýningin „Kjöllinn“ í Húsinu var að renna sitt skeið voru kjólarnir kvaddir með viðhöfn. Þessa síðustu sýningarhelgi skrifáði í pilsnum, stofurnar fylltust af söng og skvaldri og auðvitað voru kjólar út um allt. Laugardagskvöldið 30. september mætti dragdrottningin Tourette Fine í stásstofu Hússins. Annar eins viðburður hefur ekki verið haldinn í Húsinu fyrr eða síðar. Vel var mætt. Í kjólakaffi sunnudaginn 1. október mættu margir góðir gestir; mæðgurnar Bryndís Brynjólfsdóttir og Kristín Hafsteinsdóttir sem eiga og reka verslunina Lindina á Selfossi sögðu bransasögur, Ásta Vilhemína Guðmundsdóttir hönnuður og listamaður sýndi einstakan kjól úr grjóti og rithöfundurinn Guðmundur Brynjólfsson velti vöngum yfir kjólum og körlum. Kjólabbloggarinn Thelma Jónsdóttir mætti í lok dags og sýndi síðasta kjól sýningarinnar. Söngkonan kunna Ágústa Eva Erlendsdóttir og pianistinn Kjartan Valdemarsson, sem hafa slegið

í gegn með upphaldslögnum hennar ömmu, komu og glöddu gesti með flutningi á vel völdum lögum úr prógrammi sínu. Frítt var á alla viðburði kjólasýningarinnar og var tilvalið að grípa tækifærið og sjá þessa litríku sýningu. Allir viðburðir á kjólasýninguna voru styrktir af Uppbyggingasjóði Suðurlands.

Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka var haldin laugardaginn 24. júní og var þá líf og fjör. Dagskrá var fyrir börn og fullorðna við Sjóminjasafnið um morguninn.

Brúðuleikhúsið kom og flutti leikrit. Kjólakaffi Auðbjargar var í Húsinu. Nokkrir Eyrbekkingar opnuðu heimili sín upp á gátt. Almennur fjöldasöngur var í Húsinu um kvöldið. Heimir Guðmundsson, sem fæddur er í Húsinu árið 1944, leiddi söng í stásstofunni samkvæmt hefð og spilaði á elsta píanó á Suðurlandi. Skólasöngvarnir og fleiri kvæðakver voru dregin fram og hver söng með sínu nefi. Fjöldmenn kom eins og ávallt.



Sögur og söngur Ástu Krístrúnar og Valgeirs. Helgarnar 14.-15. og 21.-22. október kl. 14.30-15.30 var í Húsinu bókmenntastund með tónlistarlegu ívafi. Ásta Krístrún Ragnarsdóttir las kafla úr útkominni bók sinni um formæður í fjóra ættliði. Þrjár hinna sögulegu kvenna ýmist bjuggu eða fæddust í Húsinu á 19. öld. Valgeir Guðjónsson lék og söng sín ljúfustu



lög fyrir og eftir upplestur. Frítt var inn. Rauða húsið var síðan með sérstakt menningarkaffi að loknum viðburði í boði Sveitarfélagsins Árborgar. Aðsóknin var með ágætum.

Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka. Miðvikudaginn 22. nóvember kl. 14-18 voru ráðgjafar í verkefninu „Verndarsvæði í byggð á Eyrarbakka“ með vinnufund í Húsinu á Eyrarbakka. Þeir sem bjuggu yfir upplýsingum eða

gögnum sem nýtast verkefninu, svo sem um sögu húsa, minjastaði eða eiga gamlar ljósmyndir og teikningar frá Eyrarbakka, voru hvattir til að líta við í Húsinu, en fundurinn var öllum opin. Lítil áhugi er á þessu verkefni á vegum íbúa þorpsins sem stafar af tvennu, því að verkefnið er ekki unnið innan Eyrarbakka og í öðru lagi hefur þessi vinna löngu verið unnið á vegum Eyrarbyggðahrepps, Byggðasafns Árnesinga og Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka. Á árabílinu 1986-1990 var unnið að húsakönnun á Eyrarbakka sem lauk með ítarlegu riti, á vegum Byggðasafns Árnesinga var unnið að fornleifaskráningu í Sveitarfélaginu Árborg á árunum 2003-2008 og var Eyrarbakki skráður. Tekið er tillit til sérstöðu Eyrarbakka í núgildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Forsætisráðuneytið kom verkefninu Verndarsvæði í byggð af stað sem unnið er á ýmsum grónum þéttbýlissvæðum á landinu með myndarlegum fjárstyrk Ríkissjóðs. Landform á Selfossi vinnur verkið fyrir Sveitarfélagið Árborg og nokkrir ráðgjafar starfa að afmörkuðum verkþáttum þess.

Jólatré, músastigar og skáld. Jólin á safninu hófust 2. desember með opnun jólasýningar, skáldastund og músastigagerð. Komið var upp jólatré við inngang Hússins og var það blágreni frá Skógræktarfélagi Árnesinga á Snæfoksstöðum. Á opnunardaginn 2. desember gátu gestir komið í Kirkjubæ frá 13 til 15 og gert músastiga sem voru hengdir upp í þessu fallega alþýðuhúsi.

Jólasýning safnsins var opin sama dag kl. 13-16 og músastiga-vinnusmiðja í Kirkjubæ kl. 13-15. Á jólasýningunni gaf að líta

gömul jólatré og jólatengda muni sem safninu hefur áskotnast af fólkinu í héraðinu í gegnum tíðina. Í öndvegi var jólatréð frá Hruna sem Jón Jónsson í Þverspyrnu er sagður hafa smíðað fyrir jólin 1873 og talið er elsta varðveitta jólatré landsins. Jólatréð hefur eignast endurgerð sína smíðaða af Guðmundi Magnússyni í Steinahlíð árið 2017. Safnasjóður styrkti endurgerðina. Skáldstund hófst svo í



stásstofunni kl. 16 og voru það Guðriður Haraldsdóttir, Guðmundur Brynjólfsson, Einar Már Guðmundsson, Margrét Lóa Jónsdóttir og Ásta Krístrún Ragnarsdóttir sem lásu úr nýjum bókum sínum. Í eldhúsinu var heitt á könnunni.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti jóladagskrána sem gerði safninu kleyft að kynna hana.

Almenn opnun var á jólasýninguna tvo sunnudaga í desember 3. og 10. desember kl. 13 – 17. Kirkjubæ var opin á sama tíma.



Lóur heimsækja Húsið. Sunnudaginn þann 10. des. kl. 15 heimsóttu Lóur, sönghópur skipaður sex sunnlenskum söngkonum, jólasýninguna í Húsinu á Eyrarbakka og sungu nokkur jólalög. Sönghópin skipa Halla Dröfn Jónsdóttir, Elín Gunnlaugsdóttir, Halla Marínósdóttir, Kolbrún Hulda Tryggvadóttir, Halldóra Steindórsdóttir

og Elísabet Hermundardóttir, allar af svæðinu Selfoss-Hveragerði-Stokkseyri og menntaðar í tónlist. Þær settu saman jóralagaprógram og æfðu það. Var christmas carols-stemming ríkjandi. Fjölsótt var á tónleikana og jólasýninguna þennan dag.

Brúðkaup. Fjögur pör hafa látið gefa sig saman í stásstofu Hússins á Eyrarbakka frá desember 2016. Umhverfi stofunnar hentar vel til brúðkaupa en þessi áhugi á að nýta stofuna í þessum góða tilgangi hefur komið starfsmönnum safnsins skemmtilega á óvart. Þann 29. desember 2016 gaf löglærður fulltrúi sýslumannsins á Suðurlandi par frá München í Þýskalandi saman í stofunni og voru þau brautryðjendur að því sem síðar kom.



Ferðaskrifstofan Pink Iceland skipulagði síðan tvö brúðkaup. Þann 10. maí 2017 kom aðgerðastjóri frá Siðmennt í Húsið og gaf saman brúðhjón frá Flórída í Bandaríkjunum og þann 29. Júní gaf aðgerðastjóri frá Siðmennt saman par frá Kanada og Svíþjóð. Þann 18. júlí gaf löglærður fulltrúi sýslumannsins á Suðurlandi saman í stásstofunni par frá Stuttgart í Þýskalandi og voru fjölmargir vinir og ættingjar brúðhjónanna viðstödd. Ekkert er eins fallett og brúðkaup í Húsinu á Eyrarbakka. Það er vonandi að áframhald verði á brúðkaupum í Húsinu því að umgjörðin býður upp á það.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka

Byggðasafn Árnesinga rekur Sjóminjasafnið á Eyrarbakka fyrir Sveitarfélagið Árborg samkvæmt þjónustusamningi. Eignasvið Árborgar hefur umsjón með fasteignum safnsins og er kostnaður við viðhald og lóðir utan samningsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka nýtur vinsælda meðal gesta og hafa margir dáðst að smekklegri uppsetningu þess sem er frá árinu 1996 og Inga Lára Baldvinsdóttir og Steinþór Sigurðsson leikmyndahönnuður eiga heiður af. Meðal gesta á árinu var hópur aldraðra úr Kópavogi og má sjá á meðfylgjandi mynd Skúla og Hákon Sigurgrímssyni frá Holti í Stokkseyrarhreppi við



hlið rónegldra sjóskóa sem faðir þeirra Sigurgrímur Jónsson bóndi og hreppstjóri í Holti notaði fyrir rúmri öld síðan.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka tekur þátt í starfi Sambands íslenskra sjóminjasafna en markmið SÍS er að vera sameiginlegur vettvangur sjóminjasafna um sín mál, einkum á sviði söfnunarstefnu, kynningarmála og

erlendra samskipta. Á vegum SÍS er unnið að gerð ítarlegrar bátaskrár og kom Helgi Máni Sigurðsson safnvörður hjá Borgarsögusafni í aðfangaferð í október, en Sjóminjasafnið á Eyrarbakka varðveitir sex báta, stóra og smáa og flesta smíðaða hér í þessu héraði.

Munaskrá Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka var yfirfarin af safnstjóra á árinu. Lítilsháttar var breytt til í forsal Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og textaspjöld prentuð út að nýju.

Beitningaskúrin sem opnaður var árið 2013 var opin eftir samkomulagi. Hópar sem fá leiðsögn um Eyrarbakka líta gjarnan við í Beitningaskúrnum. Sýningin í Beitningaskúrnum veur



athygli á sögu hans, vélbátaútgærdar á Eyrarbakka og einnig frá vinnuáferðum og sögum frá þeim sem þar unnu. Þar var síðast beitt um 1960. Beitningaskúrin var gefinn Sjóminjasafninu á Eyrarbakka 1991. Hann var gerður upp með styrk frá Húsafríðunarsjóði á árunum 1992 og 1993. Við viðgerðina kom í ljós útflettur bátur á vesturhlið hans og var ákveðið að hafa hann sem ystu klæðingu á þeim vegg. Beitningaskúrin veur því mikla athygli fyrir sérstakt útlit.

Gamli slökkvibíllinn sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er haldið við og er hann gangfær. Bílaáhugamennirnir Emil Guðjónsson og Guðlaugur Gunnar Jónsson tóku að sér að gera bílinn upp fyrir safnið og tóku þeir slökkvibílinn í vörslu sína sumarið 2012. Þeir hafa síðan haldið bílnum við og lagfært eftir þörfum. Bíllinn er varðveittur í Nýjabæ í Sandvíkurhreppi. Hann var hafður til sýnis við ýmis tækifæri en þó fyrst og fremst á Landsmóti fornþíla sem haldið er árlega á Selfossi um Jónsmessuleytið.



Þuríðarbúð hefur einnig verið hluti af Sjóminjasafninu — og Byggðasafni Árnésinga sem heldur utan um muni Þuríðarbúðar. Umsjón með umhverfi Þuríðarbúðar hefur umhverfissvið Árborgar en viðhald búðarinnar er í höndum framkvæmda- og veitusviðs Árborgar. Í upphafi sumars var sett upp nýtt söguskilti við Þuríðarbúð og sá sveitarfélagið um það með hjálp starfsmanna safnsins. Eftir stóð að búðin sjálf hefur síðasta

áratug verið rýr af gripum og lítið að sjá þegar inn í búðina var komið. Hafist var handa um að setja upp einfalda uppsetningu af gripum í Þuríðarbúð. Styrkur fékkst frá Uppbyggingarsjóði til efniskaupa og var árið 2016 fjárfest í skinni og ull til að hafa í búðinni. Opnað var í upphafi sumars. Fljótlega kom í ljós að of mikill raki og saggi er þar innandyra og var því Guðjón Kristinsson hleðslumeistari fenginn til að setja upp lofttúðu í þak Þuríðarbúðar. Hitablásara var komið fyrir í Þuríðarbúð. Er þar nú allt annað og betra andrúmsloft þar og sýningin í Þuríðarbúð verður svo opnuð aftur í útvíkkuð formi vorið 2018.

Rjómabúið á Baugsstöðum

Byggðasafn Árnesinga er þriðjungs eigandi að Rjómabúinu á Baugsstöðum. Rjómaskálahúsið var friðlýst af menningar- og menntamálaráðherra árið 2005 þegar búið varð 100 ára. Byggðasafn Árnesinga sér um daglegan rekstur þess en rjómabúið er rekið á sérstakri kennitölu og er með sér reikningshald.

Andri Erlingsson sá um gæslu í rjómabúinu um helgar í júlí og ágúst. Siggeir Ingólfsson hefur einnig lykla að rjómabúinu, opnaði hann fyrir nokkrum hópum og sinnti smávægilegu viðhaldi. Ingimar Baldvinsson í Hólaborg kom einnig með ferðamannahópa í rjómabúið.

Bárujárnið sem sett var á rjómabúið um 1971 var farið að lýjast. Sömuleiðis eru gluggar farnir að láta á sjá. Unnið hefur verið að því að skipta um ystu klæðingu á rjómabúinu undanfarin ár. Skipt var um þakplötur haustið 2013, skipt um bárujárn á norðurhlíð 2014 og í desember 2016 var skipt um járn á vesturhlíð. Styrkur frá árinu 2016 var nýttur til að

endurnýja járn á suðurhlíð og sáu bræðurnir Guðmundur og Gísli Kristjánssynir um það verk í desember 2017. Húsafríðunarsjóður hefur styrkt þessar framkvæmdir með myndarlegum framlögum sem numið hafa helmingi áætlaðs kostnaðar. Eigið fé rjómabúsins og framlög eigenda þess hafa svo komið á móti. En árið 2017 fékk Rjómabúið á Baugsstöðum nýjan hollvin þegar Auðhumla slf. styrkti



Rjómabúið um 300 þúsund krónur til að endar næðu saman. Árið 2018 er fyrirhugað að skipta um bárujárn á austurhlíð, árið 2019 er fyrirhugað að yfirfara alla glugga rjómabúsins og árið 2020 verður rjómabúið málað að utan.

Í stjórn Rjómabúsins á Baugsstöðum sitja Sveinn Sigurmundsson formaður, Lýður Pálsson gjaldkeri og Björn Harðarson ritari.



Til sölu í rjómabúinu er ritið Rjómabúið á Baugsstöðum 100 ára eftir Helga Ívarsson og Pál Lýðsson.

Gestir ársins 2017 urðu 437 talsins. Þeir voru aðeins 183 árið 2016. Gestir ársins 2015 urðu 433 talsins. Gestafjöldi ársins 2014 varð 377 manns. Árið 2013 komu 360 gestir í búið. Árið 2011 komu 278 gestir. Árið 2010 komu 465 gestir í Rjómabúið á Baugsstöðum en 602

gestir árið 2009. Rjómabúið er kynnt á heimasíðu Byggðasafns Árnesinga. Byggðasafn Árnesinga auglýsti rjómabúið lítillega á RUV um sumarið. Fyrirhugað er að koma upp einfaldri síðu á Facebook.

Samstarf

Á Alþingi voru á árinu 2011 samþykktir nýir lagabálkar á sviði þjóðminjavörslunnar sem hafa haft áhrif á starfsemi safnsins. Í þriðja kafla Safnalaga nr. 2011/141 er ítarlega fjallað um viðurkennd söfn og skilyrði fyrir að geta kallast viðurkennt safn. Samkvæmt lögnum geta einungis viðurkennd söfn sótt um styrki til Safnasjóðs og þurfa að gegna ákveðnum rannsóknaskyldum og skyldum gagnvart meðferð safnmuna, starfsmannahald og fyrirkomulagi sýningahalds. Lögin tóku gildi 1. janúar 2013. Byggðasafn Árnesinga er viðurkennt safn samkvæmt Safnalögum. Byggðasafn Árnesinga sækir árlega um rekstrarstyrk og verkefnastyrki til Safnaráðs til að styrkja starfsemi safnsins. Einnig um símenntunarstyrki sem nýttir hafa verið til ferðalaga á ráðstefnur. Hafa styrkir Safnaráðs komið sér vel og stutt við faglega starfsemi safnsins og einstök verkefni.

Þjóðminjasafn Íslands veitti margvíslega sérfræðiaðstoð þegar þess var þörf. Samstarf er á meðal Þjóðminjasafns Íslands og nokkurra minjasafna um allt landið um söfnun og skráningu samtímamínja og felst í skráningu á vettvangi frekar en söfnun gripa.

Byggðasafn Árnesinga er þátttakandi í gagnagrunni íslenskra safna Sarpi.

Góð samskipti eru við Minjastofnun Íslands sem varð til með sameiningu Fornleifaverndar ríkisins og Húsafríðunarnefndar ríkisins með gildistöku nýrra þjóðminjalaga 1. janúar 2013.

Byggðasafn Árnesinga tekur þátt í starfsemi Samtaka safna á Suðurlandi sem eru grasrótarsamtök aðila sem starfa að menningarmálum á Suðurlandi. Safnstjóri er gjaldkeri samtakanna. Safnahelgi á Suðurlandi sem samtökin stóðu að féllu niður annað árið í röð og er óvíst um framhald helgarinnar. Samtökin eru stefnulaus, starfsemi í algjöru lágmarki og óvíst um framhaldið. Fjárhagur Samtaka safna á Suðurlandi er í blóma.

Safnstjóri situr í stjórn Fischerssetursins á Selfossi sem fulltrúi Byggðasafns Árnesinga.

Linda Ásdísardóttir situr í Minjaráði Suðurlands. Linda situr einnig í ritnefnd endurskoðunar Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslunnar sem skilaði í apríl glæsilegu riti með niðurstöðum sínum.



Linda og Lýður eru félagar í FÍSOS, Félagi íslenskra safna og safnamanna, og er Linda í stjórn félagsins og ritstjórn Kvists sem FÍSOS hefur tekið að sér að gefa út.

Linda hefur undanfarin ár setið í stýrihópi Norsam um samtímavörslu á Norðurlöndum.

Lýður er félagi í ICOM, alþjóðasamtökum safnamanna.

Fundir, námskeið og ráðstefnur

Lýður Pálsson safnstjóri sótti Mannamót á vegum markaðsstofanna í janúar.

Lýður Pálsson safnstjóri sótti aðalfund Markaðsstofu Suðurlands í mars og hlýddi á áhugaverða fyrirlestra um markaðsmál.

Farskóli íslenskra safnamanna var haldinn á Siglufirði dagana 27. – 29. september og bar yfirskriftina *Söfn í stafrænni veröld*.

Lýður Pálsson og Linda Ásdísardóttir sóttu farskólann sem tókst vel.

Linda Ásdísardóttir sótti ICOM/COMCOL ráðstefnu um samtímasöfnun í Umeå í desember. Samhliða ráðstefnunni sat Linda



ársfund Norsam, netverk samtímasöfnunar á Norðurlöndum, en safnið hefur verið virkt á þeim vettvangi um árabil. Mikil og hröð framþróun er á sviði miðlunar menningararfsins og þau málefni voru í brennidepli á bæði ráðstefnunni og fundinum. Safnaráð veitti safninu símenntunarstyrk til að sækja þessa ráðstefnu.

Starfsmenn safnsins sóttu ýmsa aðra fundi sem haldnir voru og

tengdust safnastarfi. Meðal annars vorfund safnaráðs í apríl og fundi sem námsbraut í Safnafræði stóð að öðru hverju allt árið.

Kynningar- og markaðsmál

Ýmsar leiðir eru farnar til að koma safninu á framfæri. Það auglýsir víða. Byggðasafn Árnesinga tók einnig þátt í sameiginlegri kynningu á íslenskum söfnum á RUV. Auglýst er í mörgum bæklingum sem liggja frammi á ferðamannastöðum og sömuleiðis liggur bæklingur safnsins frammi á flestum stöðum á Suðurlandi.

Heimasíðan www.husid.com er haldið lifandi með uppfærslu fréttar af starfsemi og róteringu ljósmynda á forsiðu. Safnstjóri heldur utan um efni síðunnar. Bob van Duin á Eyrarbakka aðstoðar við að halda úti síðunni sem er í Wordpress-vefkerfinu. Síðan er hýst hjá 1984 ehf. og hvarf efni síðunnar um nokkurra daga skeið í nóvember vegna kerfishruns hjá fyrirtækinu.

Sylvía Kristjánsdóttir grafískur hönnuður á Eyrarbakka sér um hönnun á auglýsingum safnsins.

Safnið er á Facebook og má í dag finna síðu þar undir heitinu „Húsið á Eyrarbakka – Byggðasafn Árnesinga“. Fylgjendum síðunnar fer sífellt fjölgandi og er góð leið til að kynna starfsemi safnsins fyrir velunnurum sínum. Sömuleiðis halda hollvinir Hússins undir forystu Elínar Hansen í Minneapolis utan um síðuna „Descendants of The House (Húsið á Eyrarbakka)“ en lítil virkni er á henni.

Safnið er í Markaðsskrifstofu Suðurlands. Safnstjóri er í reglulegu sambandi við starfsmenn Markaðsstofu Suðurlands um margvíslegar leiðir til að koma safninu á framfæri.

Einar Bárðarson markaðsfræðingur sótti safnið heim í mars og sendi safninu svo greinargerð um mögulegar leiðir til að koma safninu á framfæri. Meðal annars leggur Einar til að heimasíðan og kynningarbæklingurinn verði uppfærð í takt við nýjustu stefnur og strauma.

Safnið er með reikning á Trip-Advisor og Google+. Facebook-síða og Instagram-síða voru settar upp í tengslum við sumarsýninguna *Kjöllinn*. Kanna á með notkun fleiri netmiðla eins og Instagram, Snapchat og fjölga Facebook-síðum safnanna og sérstakra sýninga.

Kirkjubær

Í lok ársins 2011 keypti Byggðasafn Árnesinga húsið Kirkjubæ sem er rétt vestan við Húsið á Eyrarbakka. Kirkjubær var opnaður 17. júní 2016 með sýningunni „Draumur aldamótabarnsins“ um líf alþýðunnar 1920-1940.

Garðurinn umhverfis er orðinn að almenningsgarði. Arfi Helga Ívarssonar frá Hólum til Byggðasafns Árnesinga var varið til þessa verkefnis.

Kirkjubær er timburhús bárujárnsklætt sem byggt var 1920 og með norðurbíslagi frá 1934.

Um uppbyggingu í Kirkjubæ hefur verið rækilega fjallað í ársskýrslum fyrri ára en á árinu 2017 var komið upp eftirlitsmyndavélakerfi í Kirkjubæ og er hér með eftir vaktadur af starfsmanni í afgreiðslu Hússins á Eyrarbakka.



Héraðsnefnd og stjórn

Héraðsnefnd Árnesinga bs er eigandi Byggðasafns Árnesinga. Sveitarfélögin sem standa að Héraðsnefnd Árnesinga eru: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Aðalverkefni Héraðsnefndar Árnesinga er rekstur nokkurra stofnanna og starfsnefnda á héraðsvísu.

Héraðsnefnd Árnesinga skipar stjórn safnsins til eins árs í senn. Arna Ír Gunnarsdóttir er formaður stjórnar, Valgerður Sævarsdóttir varaformaður og Róbert Hlöðversson ritari. Til vara eru Eggert Valur Guðmundsson, Guðmundur Oddgeirsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Stjórnarfundir urðu fjórir á árinu. Stjórnarformaður er jafnframt í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar Árnesinga. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál sem safnstjóri undirbýr fyrir fundinn í samráði við stjórnina. Einnig mál sem stjórnarmenn og safnstjóri leggja fram áður en kemur til fundar og rúmast ekki innan starfs- og rekstraráætlunar.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi 2017

Rekstrartekjur	Pús. kr.
Héraðsnefnd Árnesinga framlag	28.950
Safnasjóður, rekstrarframlag og verkefnastyrkir	2.740
Sveitarfélagið Árborg, v. Sjóminjasafns	5.900
Aðgangseyrir og ýmsar tekjur	2.073
Styrkir og önnur framlög	1.200
Aðrar tekjur	287
	41.150
Rekstrargjöld	
Laun, launat. gjöld og jafnvægisjóður Brúar	32.257
Annar rekstrarkostnaður	9.355
Rekstur fasteigna	2.456
Afskriftir	1.546
	45.614
Hagnaður (Tap) fyrir fjármagnsliði	(4.463)
Vextir og verðbætur	62
(Tap) ársins	(4.463)

Eigið fé safnins í fasteignum og bankainnistöðum nam 34,9 milljónum króna í árslok. Í ársbyrjun 2018 féllu á safnið háar kröfur vegna uppgjörs við Lífeyrissjóðinn Brú og eru þær að hluta skuldfærðar á árið 2017.

Eyrarbakka 23. apríl 2018,


Lýður Pálsson, safnstjóri.